

AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi vinnubúða og athafnasvæðis
vegna Norðfjarðarganga í Norðfirði, Fjarðabyggð.**

Bæjarstjórn Fjarðabyggðar samþykkti á fundi sínum 20. febrúar 2014 óverulega breytingu á deiliskipulagi vinnubúða og athafnasvæðis vegna Norðfjarðarganga í Norðfirði.

Breyting deiliskipulagsins felur í sér að gert er ráð fyrir að byggingarreitur fyrir steypustöð sé færður af athafnasvæði við gangamunna inn á vinnubúðasvæði við Kirkjuból.

Deiliskipulagsbreytingin fékk meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Til samræmis við heimild í 3. mgr. 44. gr. sömu laga var breytingin ekki grenndarkynnt þar sem hún varðaði ekki hagsmuni annarra en Fjarðabyggðar og/eða umsækjanda.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

F.h. bæjarstjórnar Fjarðabyggðar, 24. febrúar 2014,

Páll Björgvin Guðmundsson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 12. mars 2014